

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, Grundartangi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 4. desember 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 30. desember 2014.

Í breytingunni felst að stefnu um iðnaðarsvæði er breytt og ákvæði sett um að ávallt skuli beitt bestu fáanlegu tækni til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Ákvæði eru sett um að ný starfsemi sem hafi í för með sér losun flúors og brennisteinstvíoxíðs verði ekki heimil.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 9. janúar 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*